

Skattavaktin*

Fréttabréf skatta- og lögfræðisviðs

2. tölublað

Efnisyfirlit

1. **Nýtt frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.**
2. **Dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3994/2006.**
3. **Á döfinni**

1. Nýtt frumvarp:

Þann 13. febrúar síðastliðinn var lagt fram nýtt frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (TSL) og lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Lagðar eru til þrenns konar breytingar.

Fyrsta breytingin gerir ráð fyrir innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun og felur breytingin í sér að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir skattskyldu á sama hátt og lífeyrissjóðirnir. Jafnframt er lagt til að í skattalegu tilliti verði farið með framlag launagreiðanda til starfstengdra eftirlaunasjóða og skattlagningu einstaklinga sem greiða í slíkan sjóð með sama hætti og gildir um greiðslur í lífeyrissjóði og til aðila sem hafa heimild til að taka á móti viðbótarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Önnur breytingin felur í sér tillögu um að arðgreiðslur til lögaðila sem heimilisfastir eru á Evrópska efnahagssvæðinu og bera takmarkaða skattskyldu hér á landi verði skattlagðar með sama hætti og arðgreiðslur lögaðila sem bera fulla skattskyldu á Íslandi. Þessi breyting hefur það í för með sér að lögaðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verða skattlagðir með sambærilegum hætti og innlendir lögaðilar í sama félagaformi. Þessi breyting mun þannig hafa áhrif á skattskyldu allra arðgreiðslna frá innlendum hlutafélögum til erlendra félaga sem hafa heimilisfesti á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi breyting er m.a. lögð til í framhaldi af dómi EFTA-dómstólsins í máli nr. E-1/04, Fokus Bank málið, og dómi Evrópudómstólsins nr. C-170/05, Denkvit málið. Bæði málin fóru á þann veg að dómstólarnir töldu óheimilt að halda eftir skatti á arðgreiðslur úr landi. Þess ber þó að geta að þessi breyting varðar aðeins lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins, en ennþá verður dregið af arðgreiðslum til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nýtt frumvarp:

Breyting á skattalegri meðferð arðgreiðslna til lögaðila sem bera takmarkaða sakttskyldu á Íslandi.

Þriðja breytingin fjallar um breytingu á skilyrðum fyrir samsköttun sambúðarfólks. Þegar lög nr. 65/2006 um breytingu á lögum er varða réttarstöðu samkynhneigðra tóku gildi var skráning í þjóðskrá ekki skilyrði fyrir samsköttun. Með nefndri breytingu varð það hinsvegar fortakslaust skilyrði að búið væri að skrá sambúðina í þjóðskrá. Þessi breyting gerði það að verkum að sambúðarfólk, sem ekki hafði látið skrá sambúð sína í þjóðskrá mistu þar með rétt sinn til samsköttunar. Breytingin í framlögðu frumvarpi felur því í sér, að skilyrði fyrir samsköttun sambúðaraðila sé að sambúðin sé annaðhvort skráð, eða skráningabær.

Komi þessar breytingar til framkvæmda er um mikla réttarbót að ræða og á það ekki hvað síst við um breytingu á reglum um skattlagningu arðs úr landi. Breytingin ætti að stuðla að því að gera Ísland hæfara í þeirri skattasamkeppni sem ríkir innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar af leiðandi vænlegri kost fyrir erlend fjármálafyrirtæki þegar að þau velja sér stað til að stunda viðskipti sín.

Hér fyrir neðan eru slóðir á síður þar sem lesa má umrædda dóma í heild sinni:

Fokus bank málið (E-1/04):

http://www.dinesider.no/custom er/770660/archive/files/Decided %20Cases/2004/e_1_04decision-e.pdf

Denkavit málið (C 170/05):

<http://curia.europa.eu/jurisp/cgi-bin/form.pl?lang=en&newform=newform&Submit=Submit&alljur=alljur&jurcdj=jurcdj&jurtpi=jurtpi&jurtfp=jurtfp&alldocrec=alldocrec&docj=docj&docor=docor&docop=docop&docav=docav&d ocsom=docsom&docinf=docinf &alldocnorec=alldocnorec&docnoj=docnoj&docnoor=docnoor&typeord=ALLTYP&allcommjo=allcommjo&affint=affint&affclose=affclose&numaff=&ddatefs=&mdatefs=&ydatefs=&ddatefe=&mdatefe=&ydatefe=&nomusuel=Denkavit&domaine=&mots=&esmax=100>

2. Dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3994/2006:

Stefnandi í þessu máli hafði notið starfsörorkulífeyris úr sænska almanna- tryggingakerfinu vegna vinnuslyss er hann varð fyrir í Svíðþjóð árið 1977. Dómsmálið snerist í grófum dráttum um hvort og hvernig beita ætti ákvæðum tvísköttunarsamnings Norðurlandanna sem kveður á um að lífeyristekjur skattleggist í upprunalandi. Málið fjallaði jafnframt um það hvort tvísköttunarsamningar hefðu lagagildi hérlandis.

Niðurstaða dómsins var sú, að kröfum stefnanda var hafnað og aðferð skattyfirvalda við beitingu tvísköttunarsamningsins staðfest. Þannig var því sjónarmiði hafnað að í Norðurlandasamningnum felist fullkomin undanþága við skattalega meðferð starfsörorkulífeyris stefnanda, þ.e. að alfarið hafi verið óheimilt að líta til umræddra tekna stefnanda við álagningu skatta hans á Íslandi. Fram kemur að dómari meti það svo að reikna beri skatt af heildartekjum skattaðila samkvæmt íslenskum lögum, en því næst beri að draga frá skattinum fjárhæð sem svarar til hlutfalls hinna erlendu tekna sem taka ber tillit til. Felst í þessu að persónuafsláttur er dreginn frá heildartekjum skattaðila (íslenskum og erlendum) áður en frá skattinum er dregið það hlutfall sem svarar til hinna erlendu tekna.

Athygli vekur að varðandi lagagildi Norðurlandasamningsins segir dómari, að tvísköttunarsamninga skorti lagaheimild þar sem þeir öðlast ekki fullgildingu sem lög á Íslandi í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar sbr. 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjkskr. þar sem kveðið er á um að skattur verði einungis á lagður með lögum og óheimilt sé að framselja skattlagningarvaldið til stjórnvalda. Hinsvegar sé sú staða uppi að venja hafi komist á um túlkun og framkvæmd tvísköttunarsamninga og þ.a.l. hafi skattaðilar réttmætar væntingar til stjórnvalda um að tvísköttunarsamningar gildi, sbr. 65. gr. stjkskr. og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Varðandi áhrif 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003 þá sé því ekki þannig komið að ákvæðið eða framkvæmd skattyfirvalda á grundvelli ákvæðisins hafi gefið stefnanda tilefni til að vænta aukinnar ívilnandi skattalegrar meðferðar en hann naut samkvæmt umræddum Norðurlandasamningi.

Það vekur sérstaka athygli að dómstóllinn tekur afstöðu til þess, sem umdeilt hefur verið, hvort að tvísköttunarsamningar hafi lagagildi hérlandis.

3. Á döfinni:

Skiladagur skattframtala einstaklinga er 21. mars næstkomandi.
Skiladagur skattframtala lögaðila er 30. maí næstkomandi.

Skatta- og lögfræðisvið PricewaterhouseCoopers hf.

Við hjá skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Skattlagningu rekstraraðila
- Skattlagningu einstaklinga
- Virðisaukaskatt
- Milliverðlagningu (“Transfer pricing”)
- Félagarétt
- Alþjóðaskattarétt

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina þá er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Friðgeir Sigurðsson
550-5315
fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com

Elín Árnadóttir
550-5322
elin.arnadottir@is.pwc.com

Ásta Kristjánsdóttir
550-5352
asta.kristjansdottir@is.pwc.com

Jóhanna Á. Jónsdóttir
550-5356
johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

Elísabet Guðbjörnsdóttir
550-5344
elisabet.gudbjornsdottir@is.pwc.com

Valdimar Guðnason
550-5326
valdimar.gudnason@is.pwc.com